



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
2014.
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. september

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu, 144. löggjafarþing 2014 - 2015. Þingskjal nr. 14 - 14. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar.

MRSÍ fagnar tillögunni og telur það ætíð af hinu góða að ríkið setji sér ákveðnar stefnur til þess að vinna betur að ákveðnum málaflokkum. Það er þó mikilvægt að slíkar stefnur séu kynntar vel bæði þeim sem koma til með að vinna að málefnum þeim tengdum sem og almenningi öllum.

Vanda þarf vel vinnu við slíka áætlun sem boðuð er með þingsályktunartillögunni þannig að ljóst sé að sú forgangsröðun sem þar er lagt upp með verði raunverulega til þess að bæta stöðu viðkvæmustu hópa samfélagsins.

Réttur til heilsu/heilbrigði eru grundvallarmannréttindi og nauðsynleg til þess að hægt sé að njóta annarra mannréttinda. Rétturinn til heilsu/heilbrigðis er verndaður í ýmsum alþjóðlegum samningum s.s 1. mgr. 25. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og 24. gr. sáttmála S.þ. um réttindi barnsins. Samningur S.þ. um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (SEFMR) býður þó víðtækustu vernd þess réttar. Í 12. gr. samningsins segir að aðildarríki viðurkenni rétt sérhvers manns til þess að njóta líkamlegrar og andlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er. Aðildarríkin eiga að gera ráðstafanir til þess að framfylgja þessum rétti, þar á meðal að skapa skilyrði sem tryggja öllum sjúkraþjónustu og sjúkrameðferð vegna veikinda.

Í almennti athugasemd nefndar S.þ. um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi nr. 14 er fjallað um réttinn heilsu/heilbrigðis. Þar er fjallað ítarlega um hvað í réttinum felst og hvaða skyldur aðildarríki bera skv. 12. gr. SEFMR. Þar segir m.a. að ákveðnir grunnþættir verði að vera til staðar til að mögulegt sé að tryggja borgurunum líkamlega og andlega heilsu að hæsta marki. Þessir grunnþættir eru; að heilbrigðisþjónusta og vörur séu í boði, þjónustan og vörurnar séu aðgengileg öllum án mismununar, sérstaklega m.t.t. viðkvæmari hópa samfélagsins. Ekki má vera of langt að sækja vörurnar eða þjónustuna og verðið verður að vera viðráðanlegt fyrir alla. Einnig verður að tryggja aðgengi að upplýsingum og fræðslu um heilbrigðismálefni. Í aðgengi felst einnig að þjónustan sé veitt af læknisfræðilegu siðgæði og



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

með hliðsjón af og virðingu fyrir menningarlegum mismunun einstaklinga og hópa sem nýta sér þjónustuna og/eða vörurnar.¹

Á þeim niðurskurðartímum sem hafa verið í heilbrigðisþjónustu síðustu ár hefur þjónusta við landsbyggðina verið skorin mikið niður, nú er það t.d. svo að á örfáum sjúkrahúsum í landinu eru starfandi svæfingarlæknar og/eða skurðlæknar allan ársins hring. Þetta leiðir til þess að í stað þess að geta sótt sér sjálfsagða grunnþjónustu eins og fæðingarhjálp í heimabyggð þurfa sjúklingar oft að ferðast langar leiðir sem getur á sumum stöðum verið nær ómögulegt. Er ljóst að slíkt ástand er óásættanlegt og geta mannlíf verið í húfi. Einnig er húsnaði landspítalans í lamasessi, mikill hluti búnaðar orðinn gamall og úreltur ásamt því allt stefnir í læknaskort þar sem að unglæknar sjá ekki hag í því að starfa hér á landi. Ljóst er að ástandið er óviðunandi og nauðsynlegt að bregðast við strax.

Í 2. mgr. 76. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir að; „öllum skuli vera tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi“. Í 2. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) er kveðið á um réttinn til menntunar. Almennt hefur verið litið svo á að hugtakið menntun í 2. gr. 1. viðauka MSE taki til grunnskólanáms, framhaldsnáms, og æðri menntunar eða háskólastigs.² Í ljósi ofangreindra ákvæða má ætla að stjórnvöldum hér á landi beri að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að verja þennan rétt og gera öllum kleift að nýta sér hann. Þurfa stjórnvöld því ávallt að hafa í huga að réttur til menntunar hér á landi sé virtur og hann sé raunverulegur fyrir alla óháð efnahag eða stöðu að öðru leyti. Í almennri athugasemd sinni nr. 13, segir nefnd S.þ. um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi um menntun;

„Education is both a human right in itself and an indispensable means of realizing other human rights. As an empowerment right, education is the primary vehicle by which economically and socially marginalized adults and children can lift themselves out of poverty and obtain the means to participate fully in their communities. Education has a vital role in empowering women, safeguarding children from exploitative and hazardous labour and sexual exploitation, promoting human rights and democracy, protecting the environment, and controlling population growth. *Increasingly, education is recognized as one of the best financial investments States can make.*“³

MRSÍ hvetur til þess að stjórnvöld horfi í auknum mæli á uppbyggingu heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfis sem fjárfestingu til framtíðar og sem nauðsynlegan þátt í nútímasamfélagi. Þessi réttindi sem tryggð eru í alþjóðlegum mannréttindasamningum sem Ísland hefur skuldbundið sig á alþjóðavísi til að fylgja eru ekki annars flokks réttindi heldur grundvallarréttindi svo einstaklingur geti lifað mannsæmandi lífi með reisn.

¹http://tbinternet.ohchr.org/_layouts/treatybodyexternal/TBSearch.aspx?Lang=en&TreatyID=9&DocTypeID=11

² Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir. „Réttur til menntunar og frjálsra kosninga“ í ritinu Mannréttindasáttmáli Evrópu, meginreglur, framkvæmd og áhrifa á íslenskan rétt. Bls. 511

³http://tbinternet.ohchr.org/_layouts/treatybodyexternal/TBSearch.aspx?Lang=en&TreatyID=9&DocTypeID=11



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

MRSÍ bendir á rit sitt „Mannréttindi í þrengingum – Efnahagsleg og félagsleg réttindi í kreppunni“ eftir Aðalheiði Ámundadóttir og Rachel Lorna Johnstone sem kom út árið 2011 og er aðgengilegt á heimasíðu Mannréttindaskrifstofunnar www.humanrights.is eða á þessari slóð; <http://www.humanrights.is/static/files/Utgafa/mannrettindi-i-threngingum-bok.pdf> Í ritinu er fjallað um skuldbindingar Íslands skv. alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagslega og menningarleg réttindi og afdrif þeirra réttinda í efnahagskreppunni.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur